

REGLUGERÐ
um (17.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Heimilt er að flytja óveitt aflamark í hörpudiski (Breiðafjarðarskel) frá fiskveiðiarinu 2020/2021 yfir á fiskveiðiárið 2021/2022.

Heimilt er að flytja allt að 25% af aflamarki í ufsa frá fiskveiðiarinu 2020/2021 yfir á fiskveiðiárið 2021/2022.

Heimilt er að flytja allt að 25% af aflamarki í djúpkarfa frá fiskveiðiarinu 2020/2021 yfir á fiskveiðiárið 2021/2022.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. ágúst 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.